

Aðgerð vegna skjálgs hjá barni (strabismus)

Aðgerð á augnvöðvum er gerð til að leiðrétta skjálg eða augntin. Í aðgerðinni er átt við einn eða fleiri augnvöðva eða þeir færðir til, til að stilla stöðu augans eða augnanna.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Ráðlagt er að barnið hætti að taka lýsi og Omega 3, tveimur vikum fyrir aðgerð vegna blóðþynnandi áhrifa.

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í forsjáraðila barns nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufari barns sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu, veita upplýsingar um undirbúning fyrir aðgerð og svara spurningum. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því til að hægt sé að minnka hættu á að það endurtaki sig. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er barn boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina. Ef barn tekur lyf reglulega er gott að hafa lyfjalista tiltækan.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum eða deyfingum.
- Heilsufar og sjúkdóma.
- Hæð og þyngd.
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum.
- Lyfjanotkun, þar með talið notkun náttúruylfja og fæðubótarefna.

Til athugunar

Sumar aðgerðir eru áhættusamari ef sýking er til staðar og því getur þurft að fresta aðgerð tímabundið.

Einkenni sýkingar geta til dæmis verið hiti, ógleði, uppköst, niðurgangur, hósti eða önnur kvefeinkenni.

Láttu deildina sem barnið á að mæta á vita ef það fær einkenni sýkingar rétt fyrir áætlaðan aðgerðardag. Ef deild er lokuð er skiptiborð beðið um að koma upplýsingunum til skila.

Undirbúningsleikur fyrir börn og foreldra

Til er undirbúningsleikur sem heitir Mína og draumalandið. Hann er ætlaður börnum á aldrinum 4-8 ára. Tilgangur leiksins er að hjálpa barni og foreldrum þess að undirbúa sig fyrir svæfingu í tengslum við meðferð og getur verið gagnlegur fyrir foreldra til að útskýra hvað í vændum er. Um 30 mínútur tekur að spila leikinn.

Leikurinn er aðgengilegur í App store og Google play og best er að nota spjaldtölvu ef hún er til á heimilinu. Leikurinn er sóttur með því að slá inn: „Mína and the land of dreams“. Valið er tungumál, annað hvort á forsiðu eða með því að smella á tannhjól í efra vinstra horni. Hægt er að velja um nokkur tungumál meðal annars íslensku, ensku og finnsku.



Mína and the Land of Dreams
Hehto Oy
Designed for iPad
Free



Google play



App store

Leikföng

Sumum börnum finnst gott að hafa með sér uppáhaldsleikfang á spítalann, svo sem bangsa, dúkku eða bók.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og barninu líður betur ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Borða má mat (þar með talið fá sondunæringu) þar til sex klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekkja má þurrmjólk eða stoðmjólk þar til fjórar klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekkja má brjóstamjólk þar til þrjár klukkustundir eru í komu á spítalann.
- Drekkja má tæra drykki (ekki mjólkurdrykki) þar til komið er á spítalann. Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu til dæmis vatn, sykurvatn, tær eplasafi eða lítill frostpinni (án súkkulaðis og mjólkurlaus).
 - » Barn fimm ára eða yngra má drekkja hálf glas þar til komið er á spítalann.
 - » Barn eldra en fimm ára má drekkja eitt glas þar til komið er á spítalann.
- Eftir komu á spítalann veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekkja fram að aðgerð en fasta þarf á tæra drykki í klukkustund fyrir aðgerð.

Ráðlagt er að gefa barninu tæran drykk eða lítinn frostpinna, án mjólkur og súkkulaðis, áður en lagt er af stað á spítalann.

Sturta

Barnið fer í sturtu heima að morgni aðgerðardags eða kvöldið áður. Skipta þarf um rúmföt fari barnið í sturtu kvöldinu áður. Ekki má setja krem, púður eða olíu á húð barnsins eftir sturtuna.

Aðgerðardagur

Að morgni aðgerðardags er mæting á dagdeild barna 23E á 3. hæð Barnaspítala Hringins. Við komu á deildina fer barnið í föt frá spítalanum, fær armband með nafni sínu og kennitölu og fer í rúm.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Oft er gefið kvíðastillandi lyf áður en farið er á skurðstofu. Einnig fær barnið einn eða fleiri plástra með staðdeyfingu (EMLA krem) til að minnka sársauka við ísetningu æðaleggs. Einn aðstandandi fylgir barninu inn á móttökuherbergi skurðstofu þar sem frekari undirbúningur fer fram.

Aðgerðin tekur 1-2 klukkustundir eftir því hve umfangsmikil hún er.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild, oftast í 1-2 klukkustundir, þar sem fylgst er náið með líðan barns þar til það fer aftur á dagdeild barna. Hringt er í aðstandanda stuttu eftir komu á vöknunardeildina svo hann sé viðstaddur þegar barnið vaknar.

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs eða eftir að barnið hefur jafnað sig eftir aðgerð og svæfingu á dagdeild barna.

Útskriftarfræðsla

Verkir

Barnið getur fundið fyrir vægum verkjum í augum fyrst eftir aðgerð og getur til dæmis kvartað undan sviða eins og það sé sandur í auganu. Sú tilfinning er eðlileg og getur varað í allt að 2-3 vikur.

Mælt er með því að gefa barninu paracetamol reglulega fyrstu tvo dagana eftir aðgerð á 5-6 klukkustunda fresti og síðan eftir þörfum.

Skurðsvæði

Í aðgerðinni eru notaðir saumar sem eyðast.

- Ef plástur eða leppur var settur á auga í aðgerðinni, fjarlægir læknir hann, samdægurs eða daginn eftir aðgerð.
- Algengt er að hvítan í auganu verði rauð og bólgin í 2-3 vikur og er það eðlilegt. Roðinn og þrotinn er yfirleitt verstur á þriðja til fjórða degi eftir aðgerð. Tár geta verið bleik eða blóðlituð í 1-2 daga eftir aðgerð og er það eðlilegt.
- Vegna sýkingarhættu er mikilvægt að barn nuddi ekki augun.
- Fylgjast þarf með einkennum sýkingar, það er hvort rennsli úr augum aukist eða verður gult eða grænt og einnig hvort bólga við augu versni.

Sturta og bað

- Barnið má fara í bað eða sturtu strax eftir aðgerð en einungis má þvo barni fyrir neðan háls.
- Forðast þarf að þvo hárið fyrstu fimm dagana eftir aðgerðina þar sem sápa eða sjampó getur farið í augun. Aðeins má þurrka andlit barnsins með hreinum andlitsklút og vatni.

Sjón

Sjón barnsins verður óskýr eða tvöföld í um 1-2 vikur eftir aðgerð. Þessi þokusýn er eðlileg. Sjónin mun batna þegar heilinn meðtekur breytingarnar á augnvöðvum.

Hreyfing

- Barnið má hreyfa sig strax eftir aðgerð en þarf að forðast ærslagang eins og kostur er eða hafa hægt um sig fyrstu tvo dagana eftir aðgerð.
- Skólavist eða dagvistun er leyfileg fimm dögum eftir aðgerð eða þegar foreldrar og barn treystir sér til.
- Barnið má ekki stunda íþróttir í þrjár vikur eftir aðgerð og ekki fara í sund fyrr en þremur vikum eftir aðgerð.

Augndropar og augnsmyrslir

Gefa þarf augndropa og smyrslir í auga/augu eftir aðgerð. Læknir gefur fyrirmæli um hve oft og hve lengi.

Eftirlit

Barn hittir lækni nokkrum dögum eftir aðgerð og svo aftur 5-8 vikum eftir aðgerð.

Símanúmer

Dagdeild barna 23E, opin mánudaga til fimmtudaga klukkan 07:30-16:00, sími 543 3780.

Utan dagvinnutíma dagdeildar er hringt í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og beðið um samband við bráðamóttöku barna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.